

**Ostar** bestir og ódýrastir  
í verslun  
Einars Arnasonar.

# Vísir

**Föt og Fataefni. Hálstau** [og  
úrval. Föt saumuð og afgreidd á 12-14 tímum.  
Hvergi ódýrari en í **DAGSBRUN**. Sími 142.

Kemur venjul. út alla daga nema laugard  
Afr. í Hafnarstræti 20. kl. 11-3 og 4-8.

25 blöð frá 20. des. kosta  
Send út um land 60 au — Einst. blöð 3 a.

Skrifstofa í Hafnarstræti 21. Venju-  
lega opin kl. 2-4. Sími 400.

Langbesti augl. staður í bænum. Aug-  
sje skilað fyrir kl. 3 daginn fyrir birtingu

Sunnud. 22. des. 1912.

## Á skemtiferð til Íslands.

Eftir A. S. Bardal.

Frh.  
Daginn eftir var norðanstormur og kalt í veðri. Jeg fór með Möggu Skúlason og Guðnýu litlu að Barði, en þaðan reið Mad. Sigríður með okkur að Útbleiksstöðum, til Jóhannesar og vorum á Heggstöðum um nóttina, hjá Pali Levy og Ingi björgu. Þar er einhver snotrasti búskapur, sem jeg sá á Íslandi, tónið alt sljettað og íbúðarhús úr timbri og öll umgengni smekklegr og þrífaleg. Við vorum þar um nóttina, en hjeldum að Söndum næsta dag; þar býr Jón Jónsson og er giftur dóttur Jóhannesar á Útbleiksstöðum; þar er fyrirmyndar heimili, hlaða við hvert hús, tónið eitt hið stærsta, sem jeg sá heima og laglegt íbúðarhús. Þar var verið að flytja töðu í lambhúshlöðu, og er það víst fátætt á Íslandi, að taða sje til að gefa öllum skepnum. Margar trjáplöntur sá jeg þar, sem keyptar voru frá gróðrarstöðinni á Akureyri, og voru allar vel lifnaðar.

Næsta dag var enn norðanstormur. Þann dag reið jeg austur í Víðidal, að Valdarási, en Gunnar fylgdi okkur þaðan að Víðidalstungu. Þar var jeg einu sinni kunnugur, frá því faðir minn bjó þar. Bærinn stóð þar enn eins og Kristján Jónsson hafði gengið frá honum, en kirkjan var nýleg og kirkjugarðurinn hafði verið stækkaður; þar saknaði jeg eins legsteins, sem áður var í garðinum; ef til vill hefur hann sokkið í djúp gleymiskunnar, eins og svo margt annað viðvíkjandi kirkjum og gördum á Íslandi. Uppsprettilind var áður undir kirkjuhólum, vígð af Gvöndi biskupi og kend við hann, sú lind hafði þornað upp í sumar í fyrsta sinn um margar aldir, og horfið gersamlega. — Teitur bóndi var ekki heima, svo að við töfðum ekki lengi, riðum norður með brekkum og hittum Sigurð við slátt, á Litlu-Ásgeirsá, og ljét han vel yfir sjer, síðan til Auðunarstaða, og vorum þar um nóttina í góðu yfirlæti, hjá Ingibjörgu, ekkju Jóhannesar. —

Frh.

## Eggert Claessen.

Yfirjettarmálaflutningsmaður  
Pósthússtræti 17.  
Venjulega heima kl. 10-11 og 4-5  
Talsími 16.

Útgefandi:  
Einar Gunnarsson, cand. phil.  
Östlunds-prentsmiðja.



## 100 tegundir MYNDARAMMA

frá 15 au. alinin til 5 kr., mjögfallegi r.

## MYNDIR OG MALVERK.

Hentugar jólagjafir.

## JÓLAKORT OG NYÁRSKORT

Alt selt með afarlágu verði til jóla.

Verksmiðjan Laufásveg 2.

Eyv. Arnason.

ANDSÁPUR  
bestar og ódýrastar  
í versl. JÓNS ZOEGA.

## Sextánmælt.

(Vetrarvisa).

Flýr heill. Fölna vellir.  
Felst sól. Dimmir njólu.  
Hleðst fönn. Falla hrannir.  
Frýs lind. Snúast vindar.  
Kell barr. Þroski þverrar  
Praut gín. Kjarkur dvínar.  
gð. Fjötrast bygðir.  
lif — Drottinn hlífi!

(Norðuland.)

A. Þ.

## Jólaveigar

## Gullinveigar

## Guðaveigar

Ben. S. Þór.

## Verslunin 'Sif'

Laugaveg 19.

Talsími 339.

bætur stöðugt nýum vörum á útsöluna, svo sem:

Baldvins eplum á 20 aura pd.

Súkkulade (spise) margar tegundir.

Brúður, hvergi eins ódýrar.

Speglar með svo lágu verði, að slíkt er áður óþekt hjér.

Kerti stór og smá og skrautkerti hvergi eins ódýr.

Flugeldar hvergi eins ódýrir.

Spil nærri því gefin.

Myndarammar með gjafverði.